

Stjórnarfundur FKA #8

Starfsár: 2023-2024

Staður: Borgartún 35

Dagsetning: 09.02.2024

Tími: 12:00 – 13:30

Mættar: Andrea Ýr Jónsdóttir (AÝJ), Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir (BLS), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Grace Achieng (GA), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Inga Salóme Sigurðardóttir (ISS), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdastjóra FKA, Andreu Róberts (AR).

Forföll boðuðu: Dóra Eyland (DE), Guðrún Gunnarsdóttir (GG)

Dagskrá fundar:

12:00-12:10	1	Opnun – einn stuttur hringur (...) Farið hringinn og stjórnarkonur fara yfir sín verkefni.
12:10 – 12:20	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – fjárhagur, viðburðir, minnisblað vegna Hátíðar o.fl. (AR) AR fer yfir stöðuna. Núna eru 1410 virkar félagskonur í FKA. Uppgjör við deildir er í gangi núna. Mikil vinna tengd samningi við styrktaraðila og heimasíðu (farið í nánar hér fyrir neðan). AR sýnir stjórn bankayfirlit sem koma vel út. Viðurkenningarhátíðin gekk mjög vel og fékk góða umfjöllun, um 250 manns mættu. Mikill sýnileiki fyrir þau fyrirtæki sem styrktu hátíðina.
12:20-12:30	3	Afmælisárið og nefndin – kostnaðaráætlun, dagar, þema o.fl. (UEA) UEA fer yfir. Afmælisnefnd er að standa sig mjög vel og er næsti fundur á mánudaginn 12. Febrúar. Afmælisnefndin mun upplýsa AR um öll útgjöld og fá samþykki fyrir þeim.

12:30-12:40	4	Platínium, silfur og brons (IS) ISS sýnir drög að skipulagi fyrir platínium, silfur og brons styrktaraðila þar sem sést muninn á flokkunum, hvað styrktaraðilar fá frá FKA og hvað hver styrktarflokkur kostar. Umræða um hvernig platínium, silfur og gull styrktaraðilar geta unnið með öðrum styrktaraðilum eins og t.d. þegar ákveðnir viðburðir fá sér styrki. Þarf að vera skýrt í upphafi hvaða kröfur þessir stóru styrktaraðilar hafa.
12:40-12:55	5	Tæknimálin og vefráð (GH + HB) HB fer yfir. Öll vinna með heimasíðu gengur vel. HB kemur með þá tillögu að ráða inn starfsmann tímabundinn sem verkefnastjóra yfir heimasíðu þangað til hún kemst í gagnið, til að létta á AR, vera tengiliður fyrir FKA og AR og halda utan um allt sem tengist heimasíðunni. Þarf að útbúa starfslýsingu. Ekki er gert ráð fyrir þessu í fjáráætlun og yrði svona starfsmaður nokkuð dýr. Umræða um að finna mögulega styrktaraðila, auglýsa eftir áhugasömum félagskonum og að hafa samband við VIRK varðandi að ráða inn konu sem í meðferð hjá þeim en þá greiðir VIRK launin á móti FKA. ISS ætlar að athuga þetta. Erum líklega með tvö tilboð fyrir heimasíðunni, frá Opnum Kerfum og Vefsíðugerð. GHJ upplýsir stjórn þegar þau liggja formlega fyrir.
12:55-13:05	6	Sýnileikadagur erindi, þema, tími, kostnaður o.fl. (BL) BL fer yfir stöðuna á undirbúningi á Sýnileikadeginum. Nefndin er mjög kröftug og gengur allt skipulag mjög vel. Mikið af flottum hugmyndum, portrett myndatökur, umræður í lokin þar sem félagskonur koma upp á svið og tala um daginn. Það er verið að skoða möguleika á nafnspjöldum með QR-kóða fyrir Sýnileikadaginn en það er búið að útbúa hálsbönd merkt FKA. Ef það gengur ekki að hafa QR-kóða er hægt að láta félagskonur skrifa nafnið sitt og setja á hálsbandið. Viðburðurinn verður haldinn í Arion banka Borgartúni og mun SÝN og Coca Cola Ísland einnig styrkja viðburðinn. Verið er að skoða stað nálægt þar sem félagskonur geta hist eftir viðburðinn.

13:05-13:10	7	Framfylgni laga, kjörstjórn og aðalfundur staður (UEA) UEA fer yfir stöðuna á undirbúningi fyrir aðalfund FKA. Þórður Höskuldsson mun sjá um kosninguna á fundinum eins og áður. Sonik mun sjá um streymið. Kjörstjórn: Þrjár eru komnar í kjörstjórn en það vantar þrjár til vara. Samkvæmt lögum FKA á að kjósa í kjörstjórn til þriggja ára sem hefur ekki verið gert. Síðustu ár hefur kjörstjórn verið valin fyrir hvern aðalfund og þeim boðið að starfa áfram næstu þrjú ár en hefur ekki verið áhugi á því. Þörf er á umræðu um þetta og mögulega breyta lögum FKA. Umræðu verður haldið áfram á næsta stjórnarfund. Aðalfundurinn verður haldinn í Húsi atvinnulífsins í Borgartúni.
13:10-13:20	8	Alþjóðasamskipti, Alþjóðadagur og Alþjóðanefnd, styrkumsókn o.fl. (GA) GA fer yfir skipulag á viðburði fyrir 8. mars - alþjóðabaráttudag kvenna. Viðburðurinn verður haldinn í Gallerí Fold og verður uppboð. Rætt er um kostnaðaráætlun og hugmyndir til að draga úr kostnaði. GA sótti um styrk til að fara á árlegt þing sameinuðu þjóðanna fyrir hönd FKA sem haldið verður í New York í mars. Þema ársins er að styrkja konur og sérstaklega þær sem koma úr fátækt.
13:20-13:30	9	Önnur mál Kosningar í pólitík og forsetakosningar FKA hefur áður tekið ákvörðun um að vera ekkert tengt pólitík. Þar með talið er stuðningur við ákveðna einstaklinga í framboði. Stjórn staðfestir þessa ákvörðun og mun FKA því ekki lýsa yfir stuðningi við framboð í forsetakosningar. Golfnefnd Golfnefnd óskaði eftir því að leysa upp nefndina vegna lélegrar þátttöku. Rætt var um að halda nefndinni gangandi allavega fram að aðalfundi og sjá þá hvort það séu næg framboð til að mynda nýja stjórn. Einnig var umræða um að breyta nafni nefndarinnar til að höfða til fleiri félagskvenna eins og t.d. Lífstílsnefnd.

Fundi slitið klukkan 13:37

Fundargerð ritaði Andrea Ýr Jónsdóttir